

BÓKMENNTIR

Leiftur af brotnu silfri

Björn Th. Björnsson: BROTA-SILFUR. — 4. bókaflokkur Máls og menningar, 10. bók. 137 blaðsíður, með myndum. Ásgerður Ester Búadóttir gerði bókarkápu. — Heimskringla 1955, Prentsmiðjan Hólar.

Það er þakklátt verk á Íslandi að rifja upp þætti úr fornri sögu landsmanna. Til þeirrar upprifjunar hafa margir verið kallaðir. Hinsvegar mætti sá, sem eykur forna sögu okkar menningarþætti, er ekki hefur áður verið gaumur gefinn, kallast útvalinn; og skyldi honum gjaldast þeim mun meiri þakarskuld. Fyrir tilverknað og atbeina Björns Th. Björnssonar listfræðings er það að verða lýðum ljóst að áar okkar fengu við fleiri listir en bókmenntir einar, að vissir þættir myndlistar rekja rætur einar 9 aldir aftur í fornneskjuna, að listir augans voru ræktar djúpri skynjan á sturlungaöld og í svartadauða. Björn naut handleiðslu mikilhæfra kennara og átti vól góðra bóka um almenna listsögu heimsins, forna og nýja; en hann hefur síðan orðið sinn eigin kennari í íslenskri listsögu — og er tekinn að semja af því efni þær bækur sem hingað til hafa verið óskrifaðar. Menn muna Teiknibókina í Árnasafni í fyrri, það er nú vitað að hann vinnur að ritverki um íslenska myndlist til síðskipta; og nú er nýkomin út bók hans: Brotasilfur, þar sem öðrum þæði er fjallað um forna myndlist og gengna listamenn, hinum þæðinum dregnar upp nokkrar sögulegar eða menningarsögulegar svipmyndir: sýnir sem hefur borið fyrir höfundinn er hann leitaði myndlistarverka í bókum og skjölum. Þannig liggur leið hans frá marmaralíkneskjum Fíðíasar, madonnum Rafaels og sláttumanni van Goghs heim til þess fátæka fólks er saumaði skynjan sína í altariskleði og skar hana í trékubba fyrir ævalöngu. Það er giftuleið.

Brotasilfur flytur 10 þætti. Tvær hinir fyrstu: Kvöld eitt á ýli og Björn á bláum feldi, heyrir mjög saman — fjalla um Guðmund Arason á Reykhólum og eftirmál um arf hans. Höfundur telur að Guðmundur hafi verið auðugastur maður á Íslandi um sína daga, er hann var uppi á öndverðri 15. öld. Báðum þessum þáttum er einkar haganlega fyrir komið, og beitir höfundur myndunarafl sín til að setja atburði á svið í tilteknum húsakynnum, landslagi, veðráttu. Hefur hann sagt í viðtali að hann hallaði hvergi sögulegum staðreyndum í þessum þáttum, en þó eru þeir ekki sagnvísindi í dýpsta skilningi, heldur uppmálun persóna og atburða. Sagan er ekki

þýdd né útskýrð. Hvað olli því t.d. að sá ríki höfðingi Guðmundur Arason var svo léttur fyrir er andstæðingar hans snerust gegn honum?

Tvær frásagnir eru af íslenskum listamönnum fyrri tíða: Þórarni pentur á 14. öld og Sæmundi Magnússyni Hólm á ofanverðri 18. og öndverðri 19. öld. Þættirnir eru stuttir, og sjálfsagt þykja ekki leidd full rök að hlut hins fyrrnefnda í Codex Hardenbergianus. En þessi litli kaflar er mjög hugtækur. Sæmundur Hólm hefur verðskuldað fyllri skil en hann hlýtur í þætti sínum — úr því farið var að minnast hans á annað borð. „Eymd og fátækt þessa kaunum slegna lands draga hann með sér ofan, hann verður bitur og stríður í land og stendur í eilífum málaferlum“ segir þar um Sæmund heimkominn úr dönskum listskóla þar sem hann hlaut hverja medaljuna af annarri. Þetta er nokkuð stuttaraleg söguskýring — í einu of auðveld og of einhliða.

Lengsti þáttur bókarrinnar heitir Refillinn mikli frá Bayeux, mesta handið í allri Evrópu. Mjög er gaman að því hvernig höfundur lætur íslenskar bækur varpa ljósi á þá sögu sem saumuð er á refillinn, og eru það frjövænleg vinnubrögð. Þá er röðin kominn að Valþjófsstaðarhurðinni frægu, og leiðir höfundur sterk rök að því að hún sé upphaflega skálahurð en ekki kirkjuhurð. Hinsvegar fellur maður ekki eins í stafi yfir úthýðingu hans á efri hringreit hurðarinnar, enda lætur hann undir höfuð leggjast að skýra það hversvegna listamaðurinn hefði sögu sína neðst í reitnum og segi hana áfram upp á við. Ég lét mig hafa það að fulltreysta ekki þessari túlkun, fyrr en mér hafa verið skýrð þessi hausavíxl.

Þrír af fjórum síðustu þáttum bókarrinnar fjalla að mestu um Gizur Einarsson biskup, athafnir hans og afleiðingar þeirra; kemur þar margt firna skemmtilegt og stórum rauna-

legt á daginn. En næstsíðasta ritgerðin, sem hefur ekki átt að standa þar inni á milli Gizurs-þátta, segir frá heimsóka höfundar í franskt listasafn og hvernig þar staðfestist hugboð hans um íslenskan uppruna Marteinsdúks.

Allir eru þessir þættir mjög skemmtilegir, skrifaðir af frásagnargleði og jafnvel ritfögnuði. Þekking höfundar stendur mjög víða fótum, þótt sjálfsagt eigi söguskynjan hans eftir að dýpka; hann er hugkvæmur og lætur ekki aðra segja

sér fyrir skoðunum, áhugi hans á viðfangsefnum sínum er óbilandi, ást hans á fornri list yrði síst dregin í efa. Hann skrifar heitan, litauðgan stíl, hefur drjúgan orðaforða á hraðbergi, notar tíðum fornt orðalag til að bregða gamanblá yfir frísögum — skynsamleg hnitföð kveini og alvöru. Það skær leiftrum af þessu brotasilfri horfins tíma.

Í bókinni er mikill fjöldi mynda af þeim listaverkum sem rædd eru; auka þær stórum gildi ritsins. Prentvillur eru fáar, enda hafa miklir meistara fjallað um þrífarkir; er þeirra getið í bókarklok, og mætti gjarnan taka upp þann sið. Ónauðig er talan um lengd Bayeux-refilsins er þó röng, þótt ekki skakki mikill. Í texta er talað um Haraldsmenn, en undir mynd

um Haraldarmenn. Þegar nafnið stendur sjálfstætt segir höfundur jafnan Haraldar í eignarfalli, en það var kölluð röng beyging í mínu ungðæmi. Skrítið er að þessir meistara skuli ekki gera greinarmun á merkingu þess að verða á að gera e-ð og verða að gera e-ð: „...verður manni enn á að muna eftir Turolði“, stendur þar; hér er þó ekki um neitt ávirðingarefni að ræða, og bar að segja: verður manni enn að muna eftir Turolði.

Svo skal hér lokið verða umsögn um skemmtilega og fróðlega bók sem ungur höfundur skrifar að morgni dags. Bæði Brotasilfur og önnur rit, sem Björn Th. Björnsson hefur látið frá sér fara, benda til þess að mikil verði höfundarvegsemd hans um hádegisbil. BB.

Uppskera óttans

Uppskera Óttans. — Leikrit í níu sýningum eftir Sigurði Róbertsson. Heimskringla 1955

Vaxandi leiklistarstarfsemi í landinu veldur því, að íslenskir rithöfundar verða að skipta um tjáningarform. Þeir, sem áður sömdu eingöngu skáldsögur, skrifa nú einnig leikrit. Á síðustu árum hefur íslensk leikritagerð færzt í aukana, og þó fullnægir hún hvergi nærri eftirspurninni. Enn eru flutt miklu fleiri erlenda leikrit þýdd en innlenda frumsamin, bæði á leiksviði og í útvarpi. Nýtt íslenskt leikrit er þess vegna fagnaðarefni. Um eitt slíkt verður rætt hér.

Sigurður Róbertsson hefur áður gefið út fimm bækur: tvær skáldsögur, tvö smásagnasöfn og eitt leikrit, svo að hann er ekki alveg byrjandi í faginu. Ég varð fyrst dálítið hissa, þegar ég sá að þetta nýja leikrit Sigurðar Uppskera óttans á að gerast erlendis. Ég hugsaði sem svo, að nóg hlýtu yrkiseðni að vera hér heima. En þegar ég hafði lesið leikritið til enda, sá ég strax, að svo hlaut það að vera. Eini og efnistöð krefjast þess. Sigurður ræðst nefnilega ekki á garðinn, þar sem hann er lægstur. Hann vill, að leikrit sitt gerist í brennipunkti heimsviðburðanna. Það fjallar um líf eða dauða, frið eða stríð. Það lýsir

þó ekki ráðstefnum stjórnmálamanna, heldur daglegu lífi venjulegs fólks. Baráttan stendur um það, hvort halda eigi



Sigurður Róbertsson

fram að framleiða dráttarvélar eða hefja aftur smíði skíðdreka. Annarsvegar stendur verksmiðjustjórnin, knúinn áfram af stjórnarereindrekanum, hins vegar verkamennirnir, sem undir lokin hljóta stuðning dóttur verksmiðjustjórans, sem að visu hverfur til þeirra fremur af ævintýrabrá en knúinn af samviskingarhrætti. Að öðru leyti skal efnið ekki rakið. Í leikritinu er allmikill hraði, í spennu, sem fer vaxandi, þegar á liður og nær hámarki undir lokinu. Það gerist fleira en sést, og raunar lýkur leikritinu ekki fyrr en eftir að tjaldauði hefur verið dregið fyrir.

Persónur þessa leikrits eru tæplega nógu fastmótaðar, einkum verkamennirnir. Að sjálfsögðu munu þær skýrast, þegar þær eru holdi klæddar komnar upp á leiksvið. Eftirminnilegastur verður Green þingmaður. Hann ber nokkurn svip af þingmanninum í leikritinu. Frædd í gær og hefur reyndar sum einkenni löfgræðingsins þar líka. Ekki þarf þó að vera um stælingu að ræða. Þessi manngerð er að verða svo ískyggilega algeng nú á dögum: greindur maður, sem sér í gegnum blekkingar lífsins, en hefur hvorki vilja né þrött til að svipta þeim frá sér, heldur lætur hverjum degi nægja sína þjáningu og leitar sér hugarléttis hjá Bakkusi.

Norman verksmiðjuvegandi er góður kall, eftirlátur dóttur sinni og vill raunar öllum vel, en er veikgeðja og lætur aðra valdameiri og sér verri menn segja sér fyrir verkum. Hann lifir samkvæmt þeirri lífsreglu, sem hann gefur dóttur sinni: „Það verða allir óhamingjusamir af því að hugsa.“

Gribbe ofursti, stjórnarereindreki, er ósvikinn nazisti, eintóm harka, þegar hann hefur líf annarra í hendi sér, en kveif, þegar lífi hans sjálfs er ógnað.

Kvenhlutverkin eru nokkuð einhliða. Kona og dóttir Normans verksmiðjuveganda, eru báðar ólífsreyndar yfirstéttar konur, spilltar af of miklu dekri. Móðirin er þeim mun verr komin sem hún er eldri.

Þó að leikrit þetta eigi að gerast erlendis, á það erindi til okkar hér á Íslandi. Heimurinn er orðinn svo litill, að vandamál í einu landi er um leið vandamál fólks í öllum löndum. Hinsvegar er leiðinlegt, að heimurinn skuli vera þannig í dag, að hann knýi rithöfunda til að skrifa svona leikrit. Og vonandi verða atburðir leikritsins aldrei að veruleika hér á landi. Þess vegna þarf að færa það hér á svið. Það er aðvörum til að forða slysi. Verði leikritið ekki tekið til sýninga í fastaleikhúsum landsins, ætti verkaleikshreyfingin að sjá um, að það verði fært á svið. Þinnig mundi það njóta sín vel í útvarpi, þar sem hægt er að koma við fullkominni hljóðtækni.



Íscet „senur“ ur Marteinsdúknunum frá Grenjaðarstað (?)

Helgi J. Halldórsson